

Umhverfisstefna

Brynja vill að starfsemi félagsins sé til fyrirmyndar í umhverfismálum og að starfsemi þess hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þetta eru grundvallarsjónarmið í starfsemi félagsins og hefur áhrif á ákvarðanir varðandi fjárfestingar í nýjum íbúðum og hvernig félagið skipuleggur starfsemi sína og þjónustu við leigjendur.

Rekstur félagsins byggir á góðu samstarfi starfsmanna og þeirra ríflega 900 leigjenda sem leigja íbúðir af félaginu. Því skiptir miklu máli að félagið sinni markvissri uppfræðslu meðal leigjenda og tryggi þeim heilnæmt húsnæði þar sem allt skipulag og val efnium hefur það að markmiði að takmarka umhverfisáhrif eins og kostur er.

Nálgun Brynju til að ná árangri á sviði umhverfismála byggir á þremur þáttum: kaupum á íbúðum, rekstri félagsins og fræðslu og góðu umhverfi fyrir leigjendur.

Kaup á íbúðum

Brynja styður við það markmið byggingariðnaðarins og stjórnvalda að dregið verði úr árlegri kolefnislosun bygginga á Íslandi um 43% fyrir árið 2030 m.v. losunina eins og hún var árið 2022. Markmiðin eru sett fram í vegvísi um vistvæna mannvirkjagerð sem kallast *Byggjum grænni framtíð*. Brynja mun beina viðskiptum sínum til þeirra verktaka sem hafa virka umhverfisstefnu og styður jafnframt frekari vottun á mannvirkjagerð á borð við Svansvottun og BREEAM.

Rekstur félagsins

Mikilvægt er að upplýsa alla starfsmenn um mikilvægi umhverfismála og skipuleggja starfsemina þannig að auðvelt sé fyrir starfsmenn að hafa vinnu sína í samræmi við starfsaðferðir sem hafa minni áhrif á umhverfi en ella. Mikilvægust þættirnir hér eru:

- Virkt samtal milli starfsmanna um umhverfismál og mögulegar leiðir til úrbóta.
- Leitast er við að kaupa umhverfisvottaðar vörur og þjónustu umfram aðrar á öllum sviðum félagsins. Þetta er þó mikilvægast á sviði fasteignaumsjónar sem sinnir viðhaldi á íbúðasafni félagsins.
- Áhersla skal alltaf lögð á endurvinnslu, en þar sem rusl fellur til skal það flokkað í samræmi við lög og reglur.
- Þegar kemur til endurnýjunar á ökutækjum sem nýtt eru í starfsemi félagsins skal leggja áherslu á rafmagnsbíla eða aðra vistvæna valkosti.
- Í rekstri fasteigna skal reynt að draga úr orkunotkun eins og kostur er með skilvirkum stýringum fyrir bæði varma og rafmagn.

Fræðsla og gott umhverfi fyrir leigjendur

Brynja vill efla þekkingu og umhverfisvitund leigjenda með virkri fræðslu um þau atriði sem lúta að umhverfismálum búsetunnar. Áhersla er lögð á gott skipulag flokkunar sorps í samræmi við reglur sveitarfélaga. Þá styður Brynja orkuskipti í samgöngum með því að koma upp hleðslustöðvum í tengslum við eignir sínar eins og þörf krefur.